

Tillaga til ályktunar - Fjöldi varamanna í mfl. -

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSI 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSI um knattspyrnumót:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSI um knattspyrnumót

9. grein - Leikskýrsla

9.6 Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Í keppni 7 og 8 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í keppni 11 manna liða í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn vera allt að **7** og allt að **7** menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfalli útlendinga).

Greinargerð

Hér er lagt til að liðum gefist kostur á að hafa allt að 9 varamenn á bekk í meistaraflokki og 9 aðila í liðsstjórn en þessi breyting er gerð í samræmi við þá leið sem almennt er verið að fara í evrópskri knattspyrnu. Félögum verður eftir sem áður að sjálfsögðu heimilt að vera með færri varamenn.

Stjórn ÍTF